

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á mörkum sameinaðs sveitarfélags í austanverðu umdæmi sýslumannsins á Hvolsvelli, inn til landsins.

Með vísan til 95. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, hefur ráðuneytið hinn 5. febrúar 2002 staðfest sameiningu Austur-Eyjafjallahrepps, Vestur-Eyjafjallahrepps, Austur-Landeyjahrepps, Vestur-Landeyjahrepps, Fljótshlíðarhrepps og Hvolhrepps í eitt sveitarfélag. Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir áðurgreindum sex sveitarfélögum.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að Þórsmarkursvæðið falli innan marka hins sameinaða sveitarfélags um leið og sameiningin öðlast gildi, þ.e. hinn 9. júní 2002.

Um er að ræða landsvæði sem Fljótshlíðarhreppur og Vestur-Eyjafjallahreppur hafa deilt um lögsögu á. Þar sem sveitarfélögin hafa nú ákveðið að sameinast er ágreiningi um stjórnsýslumörk þeirra nú lokið.

Mörkum hins umdeilda landsvæðis er lýst með svohljóðandi hætti í dómi Hæstaréttar frá 28. september 1995, í máli nr. 296/1994 (Hrd. 1995:2091):

„...landsvæði austan Markarfljóts milli Almenninga að norðan og Merkurtungna, Stakkholts og Steinholts að sunnan, þ.e. Þórsmörk, Goðaland, Teigstungur, Múlatungur og Guðrúnartungur.“

Auglýsing þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2002.

*Félagsmálaráðuneytinu, 6. febrúar 2002.*

**Páll Pétursson.**

*Guðjón Bragason.*